



**WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR**  
**JAFNRÉTTISÁÆTLUN**  
**2018-2020**

## **Inngangur**

Í skólanámsskrá Waldorfskólans Sólstafa eru markmið waldorfmenntunarinnar dregin saman á eftirfarandi hátt:

-Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.

-Að gera börnum kleift að nýta hæfileika sína.

-Að hjálpa börnum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu. (Skólanámsskrá Waldorfskólans Sólstafa .Inngangur bls.2)

**Jafnrétti og mannréttindi sérhvers einstaklings eru grundvöllur í vinnu skólans við útfærslu þessara markmiða.**

## **Mannréttindastefna og jafnréttismenntun**

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er meðal annars byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr 10/2008

Áhersla á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynjanna á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Mannréttindastefnan er enn fremur byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Grunnskólinn hefur því miklar skyldur og ábyrgð í jafnréttismálum.

Í Aðalnámsskrá grunnskóla frá 2011 má finna ákvæði sem fjalla um jafnrétti og þar segir:

*Markmið jafnréttismenntunar er að skapa forsendur fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.<sup>1</sup>*

Jafnframt segir í Aðalnámsskrá að jafnréttismenntun vísi í senn til inntaks kennslunnar, námsaðferðanna og námsumhverfisins í skólanum. Mikilvægt er fyrir skólann að skilgreina starf sitt reglulega út frá jafnréttisviðmiðum og skoða hvar má bæta og þróa, bæði kennsluefni og jafnrétti nemenda og þeirra sem starfa við skólann til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku.

Waldorfskólinn Sólstafir leggur áherslu á að slík mannréttinda og jafnréttisstefna sé virk í skólastarfinu jafnt meðal starfsfólks sem nemenda.

---

<sup>1</sup> Aðalnámsskrá grunnskóla 2011, Almennur hluti. Bls. 19-20

Mikilvægt er því að á öllum skólastigum hljóti nemendur fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.

Jafnréttisáætlun Waldorfskólans Sólstafa tekur bæði til nemenda og starfsfólks.

### Ábyrgð

Waldorfskólinn starfar eftir jafnréttisviðmiðum við stjórnun skólans og eru allir kennarar og starfsmenn skólans í því sem nefnist valddreifð. Þeir eru því samábyrgir ásamt skólastjórn fyrir endurskoðun og framkvæmd jafnréttisáætlunar og sitja allir í jafnréttisnefnd skólans. (10 manns)

Mikilvægt er því að í öllu starfi skólans jafnt í kennslu sem í öðrum samskiptum séu ákvæði jafnréttislaga höfð í huga og er öll kynbundin mismunun bæði meðal starfsfólks og nemenda óheimil.

### Starfsfólk

Í stjórnarskrá landsins er tekið skýrt fram að konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Allir starfsmenn skólans eiga því að hafa jafna möguleika á að proska hæfileika sína í starfinu og skal virðing borin fyrir ólíkum skoðunum.

Í stefnumótun Waldorfskólans er lýðræði haft í hávegum. Skólanum er stjórnað í valddreifð, þannig að starfsmenn taka ákvarðanir sem varða starfið í sameiningu og þurfa að komast að samkomulagi í stað þess að framfylgja fyrirskipunum. Kennarar með háan starfsaldur við skólann eru leiðbeinandi og axla ábyrgð gagnvart því að starfa í valddreifð. Jafnframt starfar teymi þriggja kennara sem skólastjórn.

### Jafnrétti til launa og starfa.

Ný lög um launajafnrétti tóku gildi í byrjun árs 2018. Í þeim segir:

*„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launkjörum sínum ef þeir kjósa svo”<sup>2</sup>*

Konur og karlar skulu fá greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Allir starfsmenn skulu eiga jafnan rétt á endurmenntun og starfsþjálfun. Allir

---

<sup>2</sup> Lög nr. 56/2017 . 19. gr. Launajafnrétti.

starfsmenn hafa jafnan rétt til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku innan skólans.

Einnig sé tekið sé mið af jafnréttissjónarmiðum við ráðningu nýrra kennara og starfsmanna þegar ráðið er störf og reynt að ráða það kyn sem á hallar þegar tveir jafnhæfir einstaklingar sækja um. Jafnan er tekið fram í auglýsingum að bæði kyn séu hvött til að sækja um stöður. Leitast er við að jafna kynjahlutfall starfsmanna stofnunarinnar.

### **Samræming fjölskyldu og atvinnulífs.**

Við stjórnun skólans skulu hlutaðeigandi leitast við að gera öllum starfsmönnum kleift að samræma skyldur sínar í starfi við skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanleika í skipulagi á vinnu og vinnutíma.

Þessi stefna er kynnt nýju starfsfólki er þeir koma til starfa og eru kennarar með sveigjanlegan vinnutíma og geta tekið hluta undirbúningsvinnu utan skólans ef þeir kjósa það. Áhersla er lögð á að skólinn sé fjölskylduvænn vinnustaður þar sem tillit er tekið til einkalífs starfsmanna og vinnu og að flæði sé þar á milli.

### **Kynbundin og kynferðisleg áreitni.**

Stjórnendur skólans á hverjum tíma eru ábyrgir fyrir því að kynbundin og kynferðisleg áreitni og einelti viðgangist ekki innan stofnunarinnar. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Áætlun um viðurlög slíkrar hegðunar sé virkjuð ef starfsmaður verður uppvís að kynferðislegri áreitni eða eineltishegðun gagnvart samstarfsfélagi eða nemanda. Einnig ef nemandi verður uppvís að slíkri hegðun gagnvart samnemanda eða starfsmanni.

Ný viðbragðsáætlun vegna kynbundins ofbeldis og áreitni er í vinnslu.

### **Starfsþjálfun , endurmenntun og símenntun**

Skólinn starfar eftir símenntunaráætlun þar sem unnið er að því að kennarar og starfsfólk hafi jafnan rétt til símenntunar og endurmenntunar. Leitast er við að tryggja það að þar sé tillit tekið til jafnréttissjónarmiða og að öll kyn hafi jafna möguleika og rétt til endurmenntunar í starfi sínu.

## **Nemendur.**

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar skv. nýrri menntastefnu. Jafnrétti sem grunnþáttur felur í sér áherslur í skólastarfi sem snúa að jafnréttisfræðslu og starfsháttum í skóla sem miða að virkri þátttöku nemenda, óháð kyni og öðrum þáttum, til að þeir fái tækifæri til að njóta hæfileika sinna og hæfni án allrar mismununar.

Mikilvægt er að jafnrétti sé haft að leiðarljósi í öllum samskiptum við nemendur og í samskiptum þeirra sín á milli og að á öllum skólastigum fái nemendur fræðslu um jafnréttismál.

Viðhorf kennara eru mikilvæg í jafnréttisvinnu skóla. Kennarar skólans þurfa að gera sér grein fyrir áhrifum sínum og átta sig á mikilvægi eigin orðræðu, t.d. hve kynjuð hún er.

Mikilvægt er að í skólastarfinu komi jafnréttisstefna skólans fram í verki og að nemendur taki þátt í þeirri vinnu. Setja má góð fordæmi eins og t.d. að hafa kynjahlutfall jafnt í nemendaráði skólans. Mismunum nemenda á grundvelli kyns er óheimil í starfi skólans.

Mikilvægt er að kynjasambættingar sé gætt við áætlanagerð innan skólans.

Í jafnréttismenntun skólans þarf fræðslan að vera út frá ýmsum sjónarhornum og taka á þáttum eins og kyni og kynhneigð, fötlun, fjölmenningu, staðalmyndum, atvinnu, félagslegri stöðu og völdum í þjóðfélaginu. Jafnréttisfræðsla er þverfagleg og nýtist í öllu skólastarfinu.

Mikilvægt er að ýta undir að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og gildum annarra og að þeir hugi að sinni eigin orðræðu og viðhorfum í samskiptum sín á milli. Kynbundið eða kynferðislegt áreiti verður ekki liðið meðal nemenda Waldorfskólans.

Í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 2008 segir um menntun og skólastarf: *Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi..(23gr.)*

Í skólanum á að fara fram menntun til jafnréttis þannig að nemendur geri sér grein fyrir hvernig ýmsir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Námsefni það sem lagt er fyrir nemendur sé skoðað út frá jafnréttissjónarmiði og námsgögn samræmist mannréttinda og jafnréttismarkmiðum skólans og Reykjavíkurborgar. Kennarar ræði sérstaklega námsefni og kennsluhætti sína

**a.m.k.út frá jafnréttisstefnunni einu sinni á vetri til að vekja og viðhalda meðvitund starfsfólks um jafnrétti í skólanum.**

**Jafnréttisáætlun Waldorfskólans Sólstafa byggir á:**

**Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum 2015-2019**

**Aðalnámsskrá grunnskóla frá 2011**

**Skólanámsskrá Waldorfskólans Sólstafa**

**Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is – um skólamál**

**Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**

**Waldorfskólinn Sólstafir. Sóltúni 6 Reykjavík. Sími: 5771110. solstafir@waldorf.is**